

51 **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í**
 19. maí **Árnessýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 22. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Grímsneshreppi í Árnessýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess að þingstaður Grímsneshrepps verði fluttur frá Minniborg til Stóruborgar, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

52 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, til sýslumanns-**
 24. maí **ins í Eyjafjarðarsýslu, um skiptingu Árskógshrepps í tvö sveitarfélög.**

Með bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 16. þ. m., hefir hingið horizt erindi frá hreppsnefnd Árskógshrepps og Páli Bergssyni f. h. Hríseyinga, dags. 2. f. m., um skipting Árskógshrepps í tvö sveitarfélög, ásamt meðmælum sýslunefndar um að skiptingin verði leyfð. Út af þessu skal hérmeð samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12, 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal skipt í tvö sveitarfélög. Hinir nýju hreppar nefnast Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Hrísey á Eyjafirði skal vera annar hreppurinn, Hríseyjarhreppur, en landbyggðin í núverandi Árskógshreppi hinn, Árskógshreppur.

2. Öllum eignum, skuldum og skuldbindingum sveitarsjóðsins sem og þurfamannaframfæri hins núverandi Árskógshrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Hríseyjarhrepps komi $\frac{2}{3}$ hlutar en í hlut Árskógshrepps $\frac{1}{3}$ hluti, og eftir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna að koma og eiga röt sína í félagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sér stað milli hinna nýju hreppa, en þetta þó með þeim undantekningum, að ekknasjóði, ellistryktarsjóði og varasjóði Sparisjóðs Árskógshrepps skal skipta eftir helminga hlutföllum og að kennsluáhöld við barnaskólana skulu fylgja hvorum skóla eftir því sem nú er.

3. Bókum og skjölum sveitarsjóðsins skal ekki skipta. Þau fylgi Árskógshreppi.

4. Starfrækslukostnaður símastöðvanna í Hrísey og Litla Árskógssandi falli hvor sínum hreppshluta. Fái sveitarsjóður greitt að nokkru kostnað við

lagningu símalínunnar frá Krossum að Litla Árskógssandi, þá skal þeirri greiðslu skipt til helminga á milli hreppanna.

53
24. maí

5. Fjallskil skulu sameiginleg fyrst um sinn.

6. Hreppsnefndarmenn skulu vera 3 í hvorum hreppi.

7. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptunum skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gerð á hinum forna Árskógshreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Málfundasjóð Svalbarðsstrandar útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. maí 1930. Skipulagsskráin er þannig:

53
6. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Málfundasjóð Svalbarðsstrandar.

1. gr.

Sjóður þessi nefnist Málfundasjóður Svalbarðsstrandar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins 400 krónur, er myndaður af skuldlausri eign Málfundafélags Svalbarðsstrandar, er félagið var uppleyst.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávallt geymdur og ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands

4. gr.

Markmið sjóðsins skal vera að styrkja og verðlauna hverskonar nytþæmar verklegar framkvæmdir, innan takmarka núverandi Svalbarðsstrandarhrepps, sbr. 5. gr. skipulagsskrárinnar.

5. gr.

Sjóðurinn ásamt vöxtum af honum, skal standa óhreyfður til ársins